

Nd.

334. Frumvarp til laga

[187. mál]

um eftirlaun starfsmanna stjórnmalaflokkanna.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson, Benedikt Gröndal, Bjarni Guðnason.

1. gr.

Starfsmenn stjórnmalaflokkanna, sem óska að njóta eftirlauna skv. 3. gr. þessara laga, skulu greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% af þeim hámarkslaunum, sem ríkisstarfsmenn í 15., 23. og 28. launaflokki hafa á hverjum tíma, eftir því sem um semst milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra. Skal upphæðin dragast frá kaupum starfsmanna mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt 6% mótframlagi frá vinnuveitanda.

Starfsmenn stjórnmalaflokkanna samkvæmt lögum þessum eru þeir, sem vinna fullt starf hjá stjórnmalaflokki eða deildum hans, þó ekki starfsfólk við blaðautgáfu.

Undir ákvæði laganna falla þeir, sem störfuðu hjá flokkunum árið 1971 eða hefja starf eftir það, og njóta þeir réttinda fyrir allan þann tíma, sem þeir hafa unnið fullt starf hjá flokknum, enda greiði þeir iðgjald til sjóðsins frá ársbyrjun 1971 eða frá því að þeir hófu starf hjá stjórnmalaflokki, ef það var seinna.

Starfsmenn stjórnmalaflokkanna skulu vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þegar starfsmaður stjórnmalaflokks, sem uppfyllir skilyrði 1. gr., hefur látið af störfum fyrir flokkinn og er 65 ára eða eldri, eða er öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem lýst er í 3. gr. laga þessara.

Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli starfsmanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

Þó að starfsmaður hafi látið af störfum hjá stjórnmalaflokki, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, fær hann eigi að síður eftirlaun, þegar hann hefur fyllt 65 ár, miðað við samanlagðan starfstíma sinn hjá flokknum, minnst 6 ár, sbr. 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Starfsmaður stjórnmalaflokks, sem uppfyllir ákvæði 1. og 2. greinar þessara laga, á rétt á eftirlaunum sem hér segir:

Fyrir 6—10 ára starf 35% af hámarkslaunum ríkisstarfsmanns í þeim launaflokki, sem iðgjöld viðkomandi starfsmanns eru miðuð við, eða samsvarandi flokki, ef flokkaskipun verður breytt, fyrir 10—15 ára starf 50%, fyrir 15—20 ára starf 55% og fyrir 20—25 ára starf 60% af hámarkslaunum í viðkomandi launaflokki.

Hafi starfsmaður unnið lengur en 25 ár samanlagt hjá stjórnmalaflokki, á hann rétt á hækkun eftirlauna sem nemur 1% af áður nefndum launum fyrir hvert ár, sem hann starfar fram yfir 25 ár. Þó skulu eftirlaun aldrei vera hærri en 70% af launum í þeim launaflokki, sem við er miðað.

Eftirlaun miðast við laun í fyrrgreindum launaflokkum, eins og þau eru á hverjum tíma. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en 6 mánuðir og meira reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maki fyrrverandi starfsmanns, sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 50% af eftirlaunum maka síns að honum látnum.

5. gr.

Nú andast starfsmaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans rétt á makalífeyri, sem nemur 50% af þeim eftirlaunum, sem starfsmaðurinn hefði öðlast rétt til frá 65 ára aldri, ef hann hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Ef starfsmaður, sem öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt þessum lögum, eignast einnig rétt á lífeyri úr öðrum deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða öðrum lögboðnum lífeyrissjóði, skulu eftirlaun samkvæmt þessum lögum við það miðuð, að samanlögð eftirlaun verði ekki hærri en þau eftirlaun, sem hámarksstarfsaldur í þeim sjóðnum, sem er starfsmanninum hagkvæmari, mundi veita rétt til.

7. gr.

Halli, sem verða kann á deild starfsmanna stjórnmalaflokkanna við Lífeyris-sjóð starfsmanna ríkisins, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Því fylgdi svohljóðandi grg.:

Lífeyrissjóðsréttindi eða eftirlaun fyrir starfsmenn stjórnmalaflokkanna hafa verið til athagnar um skeið. Viðræður um þau efni hófust fyrir rúmum tveimur árum, og hafa ýmsar leiðir verið athugaðar í því sambandi.

Hér er um að ræða fámennan hóp, sem ekki á fyllilega samleið með öðrum starfsmönnum. Pólitísk veðrabrigði geta valdið því, að starf þeirra er ótryggt líkt og þingseta alþingismanna. Þeir eiga ekki fyllilega samleið með skrifstofufólki vegna sérstaks eðlis starfsins. Vinnutími þessara manna getur ekki verið fastbundinn við ákveðinn skrifstofutíma og verður stundum næsta óreglulegur.

Eftir verulega athugun þessara mála hefur orðið samkomulag um að leggja til, að starfsmennirnir skuli vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Lagt er til, að lífeyrisréttindi þeirra verði að nokkru leyti sniðin eftir réttindum þingmanna. Verður að telja það eðlilegt, m. a. með tilliti til þess, hversu líkt er um atvinnuöryggi þessara tveggja starfshópa.

Þeir starfsmenn, sem fengju rétt til aðildar að lífeyrissjóði samkvæmt þessu frv., eru 10—15 talsins. Flestir þeirra eru tiltölulega ungir og yrði því lítið um greiðslur ellilífeyris til þeirra fyrstu 10 árin, svo að fé mundi safnast fyrir á þeim tíma.